

Námuvefurinn – námur.is

Vinnsla jarðefna er umfangsmikil atvinnugrein á Íslandi enda eru jarðefni bæði setlög og berg mikilvæg í byggingariðnaði og til vegagerðar.

Námuvefurinn gefur yfirlit um lagaumhverfi námuvinnslu og leyfisveitingar henni tengdar. Vefurinn er annars vegar ætlaður framkvæmdaaðilum og verktökum og hins vegar sveitarstjórnnum og öðrum sem koma að leyfisveitingum til efnistöku.

Upplýsingar á vefnum eru settar fram á mjög greinargóðan og myndrænan hátt.

Mörg dæmi eru sýnd um góðan námufrágang.

Á námuvéfum er fjallað ítarlega um efnistöku í ýmsum gerðum jarðmyndana, svo sem úr ám, bergi, gosminjum og af hafsbotni.

Mikilvægt er að haga efnistöku þannig að hún valdi sem minnstum spjöllum. Þegar efnistökusvæði er valið þarf að kanna hvort svæðið nýtur verndar samkvæmt lögum.

Þá þarf að skipuleggja námusvæðið í heild og ákveða tilhögun á efnistöku og frágangi svæðisins þannig að það falli sem best að umhverfinu.



UMHVERFISSTOFNUN



Landsvirkjun

